

# Bandarísk verðbréf – Leiðbeiningar fyrir einstaklinga

## Kröfur skattsins í Bandaríkjunum (IRS) um skjölun hjá Arion banka hf.

**Hvað eru bandarísk verðbréf:** Öll verðbréf í þeim tilvikum þegar útgefandinn er „incorporated“ í USA. Þ.a.l. getur það verið hlutabréf í Apple Inc. þó svo að það sé keypt á þýska markaðnum, sem dæmi.

### Leiðbeiningar um útfyllingu á W-8BEN

**Hverjir eiga að fylla út W-8BEN:** Allir einstaklingar sem eru með bandarísk verðbréf í vörslu hjá Arion banka. Nauðsynlegt er að fylla þetta út ÁÐUR en við viðskipta er stofnað til í fyrsta sinn á USA markaði.

**Af hverju þarf þetta eyðublað:** Bandaríski skatturinn – IRS, krefst þess að þetta sé fyllt út til að uppfylla QI og FATCA reglur sem Arion banki hefur gegnst undir til þess að viðskiptavinir hans geti notið tvísköttunarsamnings Íslands/USA (QI) í staðgreiðslu sem og að uppfylla FATCA reglur.

**Eyðublaðið má finna á:** <https://www.irs.gov/pub/irs-pdf/fw8ben.pdf>

**Ítarlegar leiðbeiningar IRS:** <https://www.irs.gov/pub/irs-pdf/iw8ben.pdf>

**Hvernig á að skila inn eyðublaðinu:** Afrit þarf að senda rétt útfyllt á: [verdbref@arionbanki.is](mailto:verdbref@arionbanki.is) Ekki er nauðsynlegt að skila inn frumriti.

**Leiðbeiningar hér að neðan, miðast við:** Útgáfu okt.2021 af eyðublaðinu.

**Gildistími eyðublaðs:** Árið sem það er undirritað + 3 heil almanaksár.

---

#### PART I: Eftirfarandi reitir þurfa a.m.k. að vera fylltir út:

1: Nafn viðkomandi

2: Ríkisfang

3: Lögheimili

5: Bandaríka kennitala („Social Security Number“) ef viðkomandi á slíkt

6a: Fylla út ef viðkomandi hefur sótt um hjá RSK að vera skattlagður eingöngu í USA í krafti tvísköttunar samnings USA og IS.

7: Íslenskan kennitalan (xxxxxx-xxxx)

8: Fæðingardagur. Passa þarf að það sé MM-DD-YYYY.

#### PART II:

9: Skattalegt lögheimili viðkomandi (skrifa einungs í hvaða landi).

10: Ef við á, ef viðskiptavinur getur notið sérstakrar lækkunar skatthlutfalls (umfram almenna lækkun skv. samningnum) þá þarf að tilgreina hvaða ákvæði samningsins á við, hvert skatthlutfallið sé og skrifa skýringu á því af hverju viðskiptavinur getur nýtt sér viðkomandi ákvæði.

#### PART III :

Undirskrift, nafn í prentstöfum og dagsetning á forminu MM-DD-YYYY. Ef sá/sú sem undirritar, er að undirrita fyrir ólögráða eða í krafti umboðs, þá passa að haka við „I certify that I have the capacity to sign for the person identified on line 1 of this form“.